



# Framhaldsskólinn á Húsavík

**Frumkvæði - Samvinna - Hugrekki**

## Stofnanasamningur

Milli Framsýnar stéttarfélags og Framhaldsskólans á Húsavík,  
undirritaður 31.12.2020

# Stofnana samningur

Framsýnar- stéttarfélags við Framhaldsskólann á Húsavík um forsendur röðunar starfa við stofnunina. Samkomulag þetta byggir á kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs við Starfsgreinasamband Íslands frá 6. mars 2020 sem Framsýn- stéttarfélag á aðild að.

## 1. Gildissvið

Stofnana samningur þessi nær til allra starfsmanna hjá Framhaldsskólanum á Húsavík sem starfa og njóta ráðningarkjara samkvæmt kjarasamningi Starfsgreinasambands Íslands og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, sbr. 11. kafla kjarasamningsins sem Framsýn á aðild að.

## 2. Forsendur röðunar

Við ákvörðun um röðun starfa til launa skal taka tillit til staðsetningar starfs í skipuriti, eðli starfsins, ábyrgðar og umfangs og miða við að um sé að ræða viðvarandi /stöðugt verksvið. Taka skal tillit til faglegrar, stjórnunarlegrar og/eða fjárhagslegrar umsjónar og álags og hvaða kröfur starfið gerir til faglegrar/fræðilegrar hæfni/færni starfsmanns. Röðun skal byggð á hlutlægum mælikvörðum eftir því sem unnt er.

### Röðun starfa/starfsmanna í launaramma og launaflokka er á grundvelli:

- Reglna um röðun eins og þær eru skilgreindar í samningi þessum og um þætti er að ráða grunnröðun starfa um persónubundna þætti.
- Breytinga og viðbóta sem kunnu að verða ákveðnar í samstarfsnefnd.

Gæta skal samræmis þegar störfum/starfsmönnum á mismunandi einungum Framhaldsskólans á Húsavík er raðað. Ákvörðun sem tekin er um hvaða þættir hafa áhrif á laun og með hvaða hætti skal skoðast sem fordæmi gagnvart öðrum starfsmönnum, svo tryggt verði að þeir njóti jafnræðis. Gerð starfslýsinga og ákvörðun um niðurröðun verkefna er í höndum stofnunar. Röðunarreglur þessar fela ekki í sér breytingar á núverandi störfum eða starfslýsingum starfsmanna.

## 3. Starfaflokkun til launa og grunnröðun:

### Grunnröðun:

Umsjónarmaður I.....lfl. 8  
Stuðningsfulltrúi.....lfl. 9  
Umsjónarmaður II.....lfl. 10

Við nánari ákvörðun um röðun starfa innan þess svigrúms sem um er að ræða skal taka tillit til staðsetningar starfs í skipuriti, eðlis starfsins, ábyrgðar og umfangs og miða við að um sé að ræða viðvarandi /stöðugt verksvið, sbr. 2. kafli hér að framan um forsendur röðunar.

Starfslýsingar vegna þeirra starfa sem falla undir stofnana samning þennan skulu ávallt liggja fyrir og ber starfsmönnum að fylgja þeim.

Vegna hugsanlegra breytinga á starfsemi Framhaldsskólans á Húsavík geta orðið til ný störf sem ekki falla að starfaflokkun þessari sem þarf að ræða sérstaklega.

Til viðbótar við grunnröðun skal taka mið af persónubundnum þáttum í starfi, sbr. nánar gr. 5 hér á eftir.



#### **4. Annað sem áhrif getur haft á röðun starfa til launa**

Heimilt er að meta til viðbótar við röðun starfsheita eftirfarandi þætti, enda hafi ekki verið tekið tillit til þess í grunnröðun.

- Hvort starfið sé umfangsmikið/fjölpætt.....1 lfl.
- Hvort starfið feli í sér sérstaka ábyrgð.....1 lfl.
- Hvort krafist sé sérstakrar hæfni umfram það sem almennt gerist...1 lfl.
- Starfinu fylgir sérstakt árstíðarbundið álag.....1 lfl.

Enn fremur er heimilt að taka mið að öðrum þáttum í starfi sem skipta máli fyrir starfsemi FSH.

#### **5. Mat á þáttum er varða starfsmann**

Starfsmaður sem uppfyllir eftirfarandi þætti skal fá þá metna til allt að 4 launaflokka.

##### **Vægi einstakra þátta:**

*Endur- og símenntun sem nýtist í starfi, umfram grunnkröfur allt að.....2 lfl.*

Eftir 45 kl.st. námskeið komi 1 lfl.

Eftir 90 kl.st. námskeið komi 1 lfl.

*Menntun umfram grunnkröfur sem nýtist í starfi allt að.....2 lfl.*

- Stúdentspróf eða starfsmenntun á framhaldsskólastigi í því starfi sem ráðið er til: 1 launaflokkur
- BA/BS/B.ED gráða eða iðnmeistarapróf sem nýtist í starfi: 1 launaflokkur.

Samstarfsnefnd setur nánari reglur um mat á viðbótarmenntun og skilyrði fyrir launahækkunum vegna viðbótarmenntunar.

##### **Starfsreynsla allt að 5 þrep:**

- Eftir 1 ár í starfi komi 1 þrep.
- Eftir 3 ár í starfi komi 1 þrep.
- Eftir 7 ár í starfi komi 1 þrep.
- Eftir 12 ár í starfi komi 1 þrep.
- Eftir 15 ár í starfi komi 1 þrep.

#### **6. Starfsþróun**

Framhaldsskólinn á Húsavík skal hafa á að skipa hæfu starfsfólk og skulu stjórnendur stuðla að því að starfsfólk geti viðhaldið og aukið við þekkingu á sínu fagsviði. Skulu starfsmenn hafa tækifæri til starfsþróunar innan skólans þar sem markmiðið er að þráða færni starfsmannsins m.t.t. þarfa stofnunarinnar og samkvæmt áhuga og ósk starfsmannsins.

#### **7. Starfsmannasamtöl**

Árlega skulu fara fram starfsmannasamtöl. Það er m.a. vettvangur umræðu um starfsánægju og líðan á vinnustað, samskipti, aðbúnað, verkefni, starfslýsing, skipulag, stjórnun, starfsþróun, framgang í starfi, starfsfræðslu, endurmenntun og frammistöðu starfsmanns. Starfmannaviðtal er ekki vettvangur umræðu um laun. Við mat á frammistöðu starfsmanns er gert ráð fyrir að farið verði eftir fyrirfram ákveðnu kerfi, m.a. er gert ráð fyrir upprifjun frá síðasta starfsmannasamtali, hafi það farið fram.



## **8. Launaviðtöl**

Starfsmaður getur hvenær sem er óskað eftir sérstöku launaviðtali, þó aðeins einu sinni á ári. Það viðtal skal fara fram eigi síðar en fjórum vikum eftir að ósk hefur komið fram eða eftir nánara samkomulagi. Starfsmanni skal gefið svar embættisins eigi síðar en fimm vikum eftir að launaviðtal fór fram. Hver starfsmaður getur aðeins óskað eftir launaviðtali einu sinni á ári.

## **9. Hlutverk samstarfsnefndar**

Samstarfsnefnd skal skipuð af tveimur fulltrúum frá hvorum aðila. Samstarfsnefndin er kölluð saman á samningstíma vegna framkvæmdar samningsins ef aðilar telja nauðsyn bera til og annar hvor samningsaðili óskar þess.

Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað miðað við ofan skráðar forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna. Skal ágreiningsmálum vísað til samstarfsnefndar.

Samstarfsnefnd skal alla jafna funda einu sinni á ári. Markmið þessa funda er að efla samstarf starfsmanna og stjórnenda á vinnustað.

## **10. Endurskoðun**

Endurskoða skal samninginn samkvæmt 11. kafla kjarasamnings fjármálaráðherra við SGS. Einnig er heimilt að taka til endurskoðunar einstök ákvæði samningsins hvenær sem er, ef aðilar eru sammála um það.

## **11. Gildistími**

Aðilar eru sammála um að samkomulag þetta taki gildi frá og með 1. janúar 2021 og fellur eldri stofnanasamningur FSH og Framsýnar, ásamt viðaukum, niður frá sama tíma.

Húsavík 31. desember 2020

F.h. Framhaldsskólans á Húsavík

Nelgiðrún Gunnarsdóttir

F.h. Framsýnar- stéttarfélags

Þóðraldur Baldur  
þ. Guðrún Þorunn Þóðr  
Jónna Guðmundsdóttir  
Alessia Ásketóf